

Pétur Ingi Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatni



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. febrúar 2010  
Tilvísun: UST20100100487/bs


### Nesjar-Rofabær. Tillaga að deiliskipulagi fyrir fristundabyggð. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps dags. 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Umrætt deiliskipulag er innan þess svæðis sem lög nr 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og reglugerð nr. 650/2006 ná til.

Í greinargerð segir um meðferð frárennslis: *"Gert er ráð fyrir meira en tveggja þrepa hreinsun frárennslis á svæðinu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Frágangur og útfærsla hreinsivirkja verður í samræmi við leiðbeiningar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sbr. 20. gr. sömu reglugerðar. Hönnun og útfærsla hreinsivirkja verði í samræmi við og samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Ennfremur er vísað í leiðbeiningar Umhverfisstofnunar frá 2004 um fráveitur og meðferð skólps frá stökum húsum."*

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun reynt verði að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðrar sumarhúsabyggðar á lífríki Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Virðingarfyllst,  
  
Björn Steinarsson

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri